

Bisfenól-A í barnapelum

Efnið Bisfenól-A (BPA) er lífrænt efnasamband sem notað er við framleiðslu á ýmsum plastefnum eins og t.d. pólýkarbónat-plasti. Pólýkarbónat-plast er gegnsætt hart plast sem meðal annars er notað í barnapela. Mikil umræða hefur skapast um allan heim um hugsanleg skaðleg áhrif efnisins og þá sérstaklega á ungbörn, en lítið magn efnisins flæðir úr plastinu yfir í matvæli/vökva.

Enn hefur ekki verið sýnt fram á að BPA sé hættulegt í því magni sem það er notað. Nýlegar rannsóknir hafa þó vakið áhyggjur sérfræðinga og eru flestir sammála um að þörf sé á frekari rannsóknum og þá sérstaklega með tilliti til barna. Matvælastofnun hvetur foreldra ungra barna til að fara eftirfarandi leiðbeiningum til að lágmarka flæði BPA úr barnapelum yfir í drykk barnsins.

1. Henda rispuðum pelum eða pelum með sprungum í.

Slitinn barnapeli gæti haft sprungur sem sýklar safnast fyrir í og erfitt er að þrifa og ef pelinn inniheldur BPA gæti það flætt yfir í vökvann í meira magni en ella.

2. Hitastig skiptir miklu máli.

Það skiptir máli hvernig hita á t.d. brjóstamjólki eða þurrmjólki. Meira magn BPA flæðir ef sjóðandi eða heitt vatn/matvæli er sett í ílát sem inniheldur BPA.



Barnapelar „Þegar plast með BPA er hitað í örbylgju eða þvegið í þvottavél þá eykst flæði BPA úr plastinu,“ segir í grein Sesselju Maríu Sveinsdóttur.

- Ekki setja sjóðandi eða mjög heitt vatn ásamt þurrmjólki eða annan heitan vökva í barnapela sem inniheldur BPA þegar verið er að undirbúa blönduna fyrir barnið.
- Áður en vatninu er blandað

við mjólkurduftið er best að setja sjóðandi vatn í ílát sem inniheldur ekki BPA og leyfa því að kólna þar til það er orðið volgt.

- Þurrmjólk sem er tilbúin til neyslu er í lagi að nota við stofuhita

eða velgja örflítið með því að setja pelann í heitt vatn úr krananum.

- Hitíð aldrei barnapela í örbylgjuofni. Alveg sama af hvaða tegund þeir eru, mjólkin gæti hitnað misjafnlega og barnið getur þá brennt sig á henni, auk þess sem BPA gæti flætt í meira máli úr pelanum.

- Prífið og sóttþreinsið barnapela samkvæmt leiðbeiningum sem fylgja. Lítið svo pelann kólna áður en þurrmjólkinni eða öðrum vökva er bætt út í.

3. Athugið merkingar og leiðbeiningar sem fylgja barnapelum og öðrum matarílátum.

Það er góð regla að setja ílát aðeins í uppþvottavél ef þau eru merkt með „dishwasher safe“ og það sama á við um örbylgjuofn, ílátin eiga að vera merkt með „microwave safe“.

Þegar plast með BPA er hitað í örbylgju eða þvegið í þvottavél þá eykst flæði BPA úr plastinu.

Hægt er að sneiða hjá barnapelum og öðrum plastílátum með BPA með því að velja ekki vörur úr glæru plasti eða velja vörur sem eru merktar sérstaklega að þær séu án BPA.

Sesselja María Sveinsdóttir, matvælafræðingur hjá Matvælastofnun.

Nánari upplýsingar er að finna á www.mast.is.